

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í þéttbýli í Vallahreppi.

1. gr.

Húseigendur í þéttbýli í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu, skulu greiða gatnagerðargjöld til sveitarsjóðs Vallahrepps fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi, B-gjald. Við álagningu þessara gatnagerðargjalda skal nota eftirfarandi einingartölur:

	kr.
1. Einbýlishús að 400 m ³ m/bifreiðageymslu	128 053
2. Parhús að 400 m ³	102 443
3. Íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á einni hæð að 400 m ³	81 952
4. Raðhús á 2 hæðum	61 465
5. Fjölbýlishús m/allt að 8 íbúðum 2 hæðir að 300 m ³	51 219
6. Fjölbýlishús m/fleiri en 8 íbúðum 3 hæðir að 300 m ³	35 855
7. Verslunar- og skrifstofuhús pr. m ³	205
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur pr. m ³	154
9. Umframstærðir í íbúðarhúsum pr. m ³	205
10. Útihús og vélageymslur pr. m ³	102
11. Viðbygging við eldri hús, ef húsið m/viðbyggingu verður meira en 400 m ³ pr. m ³	205
12. Lóðarhafar greiða pr. m ² lóðar	41
13. Lagning slitlags á bifreiðastæði og gangstíga innan lóðamarka greiða eigendur sjálfir.	
14. Allar framangreindar einingartölur miðast við byggingarvísitölu í október 1990 172,5.	

2. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 1. gr. skulu umreiknuð til samræmis við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. (Breyting frá október 1990 vísitala 172,5.)

3. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal greitt með fimm jöfnum greiðslum, í fyrsta skipti hinn 1. ágúst það ár sem lagning fer fram, og síðan 1. ágúst ár hvert næstu 4 árin. Síðustu greiðslu þarf þó ekki að inna af hendi fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu með gangstétt.

4. gr.

Vextir af lánum vegna gatnagerðargjalda skv. 3. gr. skulu vera hinir sömu og almennir vextir Bygðasjóðs á hverjum tíma. Verði dráttur á endanlegum frágangi, sbr. 3. gr., má eigi reikna vexti af síðustu greiðslu nema eitt ár, eins og ef enginn dráttur hefði orðið.

5. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu fimm ár eftir fyrsta gjalddaga.

Tekur þessi kvöð einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjald samkvæmt reglugerð þessari lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í þéttbýli í Vallahreppi.

1. gr.

Áður en byggingarleyfi er veitt til nýbyggingar á lóð, eða leyfi til stækkunar á eldra húsi, skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald vegna þátttöku í kostnaði við gatnagerð, holræsa- og vatnsæðarlögn að lóðarmörkum.

2. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal reiknað sem hundraðshluti af byggingarkostnaði á gólffermetra í vísitöluhúsinu, eins og hann er ár hvert. Gjaldskráin skal þó aðeins breytast einu sinni á ári, þ.e. 1. janúar, í samræmi við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar.

(Vísitala byggingarkostnaðar er 159,6 stig 1. janúar 1990 og byggingarkostnaður á gólffermetra í vísitöluhúsinu kr. 38 470 frá sama tíma.)

3. gr.

Gjaldstuðlar til ákvörðunar gatnagerðargjaldi, samkvæmt 1. og 2. gr. skulu vera svo sem hér segir:

Einbýlishús	1,5%
Bílageymsla og geymslurými	0,7%
Tvíbýlis- og parhús	1,1%
Rað- og keðjuhús, ein hæð	1,0%
Rað- og keðjuhús, tvær hæðir	0,9%
Fjölbýlishús	0,5%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	1,0%
Verslunar- og atvinnuhúsnæði	2,0%
Gripahús o.fl.	0,4%

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það, ásamt vöxtum, fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 20. mars 1991.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.